

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Bergþóra Sigurðardóttir  
Strikinu 10  
210 Garðabæ

**Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna  
virkjunar fallvatna og háhitasvæða**  
Þjsk.1280- 660 mál.

Umsögn skrifuð samkvæmt beiðni með tölvupósti frá iðnaðarnefnd 16. júlí 2010.

*“Ísland er óvæfengjanlega eitt af merkustu eldfjallalöndum jarðarinnar. Landið er allt hlaðið upp í eldsumbrotum. Enn er þriðjungur þess virkt jarðeldasvæði og ekki aðeins eitt af þeim stórvirkustu á gjörvallri jarðkringlunni heldur einnig hið fjölbreytilegasta um eldvirkni. Þetta segir Sigurðu Þórarinsson einn virtasti náttúruvísindamaður síðustu aldar í Náttúrufræðingnum 1968 bls. 71.”*

**Athugasemdir við einstaka greinar**

- 1.gr. Markmið sjá síðar
- 2.gr.

Bæta við: Gildissvið: Lög þessi gilda á íslensku landi. Lögin breyta í engu ákvæðum annarra laga um vernd og friðun.

Skilgreina: Nýtingu jarðhita: Rafaafli og Varmaafli. (Sjá síðar).

Skilgreiningar vantar á hugtökum sem snerta vernd nema liður 7 þjóðlendur, sem er úr gr.3, skilgreining úr lögum nr.44/1999. Nauðsyn að taka upp fleiri skilgreiningar, svo sem.

**Vernd:** Náttúruverndarsvæði:

- a. Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar og náttúruvætti.
- b. Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjasrá sbr. 67.gr. (laga nr.44/1999)
- c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru og landslags.

Samkvæmt 37.gr. laga um náttúruvernd nr.44/1999 njóta jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

- a. eldvörp, gervigigar og eldhraun.
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1000m<sup>2</sup> að stærð eða meira.
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100m<sup>2</sup> eða stærri.

**Friðlýstar náttúruminjar** : 50.gr. laga nr.44/1999 ( sjá niðurlag þriðju málsgreinar í 3.gr.) skiptast í eftirfarandi flokka:

- a. þjóðgarða sbr. 51. gr.
- b. friðlönd sbr.1. tölul. 1. mgr. 53.gr., (Landsvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sértakt landslags eða lífríkis. Friðlýst svæði nefnast friðlönd)
- c. náttúruvætti á landi sbr. 2.tölul. 1. mgr. 53 gr., og í hafi sbr.1 mgr.64. gr.
- d. friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi sbr.3. tölul. 1.mgr. 53. gr. og 1mgr.54.gr.
- e. fólkvanga sbr.55. gr.( Meiri háttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið.....)

Ég hef oft séð vitnað í 37. grein en aldrei um að fossar nytu sérstakrar verndar. Er nú ekki gott að eiga Gullfoss bæði fjárhagslega og fagurfræðilega?

### 3.gr.

Taka á upp umræðuna um vernd og nýtingu á 4 ára fresti og tillögur um nýtingu til 12 ára. Það er ekki langur tími í sögu rekbeltisins en nokkuð langur tími af afskrift álbræðslu. Þýðir þetta að friðlýsing eða annars konar vernd sé einungis tímabundin? Sbr. þriðju málsgrein hér á eftir. Það þarf að vera staðfest í lögum, að friðlýsing sé ekki eitthvað sem hringlað er með á fjögurra ára fresti. Þetta frumvarp verður ruglingslegt ef varanleg vernd er ekki skilgreind og umsögnin verður það þá líka.

Önnur málsgrein. Gildir ekki sú vernd, sem þegar er fyrir hendi? Er kannski komin svo rík hefð fyrir að fara fram hjá lögnum um náttúruvernd að það kalli á nýjar friðlýsingar? Er átt við það? Er friðlýsing tímabundin eða að eilífu (perpetual) eins og á Nýja- Sjálandi. Þriðjungur Nýja-Sjálands er friðlönd. Þrjú svæði eru á heimsminjaskrá eins og Yellowstone þjóðgarðurinn. Bandaríkin reikna ekki þjóðgarðinn né önnur opinber svæði í orkutöllum. Þriðja málsgrein.. Skilgreina þarf varmafl, sem er bein nýting jarðhitans til hitunar og rafafli, sem fæst við virkjun jarðgufu og heits vatns, en aðeins nýtist um 10%-13% varmans þegar virkjað er til rafmagnsframleiðslu. Í sömu málsgrein segir að rafafli 10 MW eða meira og varmafl 50 MW eða meira komi til mats en ekki minni orka. Þetta ákvæði finnst mér mjög vafasamt. 49.99 MW í varmafli er ekki svo lítið. Í lögum nr. 106/2000 var miðað við 25 MW. Virkjun 1 í Svartsengi var t.d. 50 MW í varmafli og 2.5 MW í rafafli. Ég veit ekki betur en virkja hafi átt 2.5 MW í sjálfu Hverfisfljóti. Seinna hækkað upp í 15 MW. Í grein Dr. Ute Collier: Hydropower and decision making. ( Beijing 2004 ) nefnir hann einmitt að jafnvel smávirkanir geti valdið umhverfisspjöllum.

### 4gr.

Neðsta lína, skilgreina lagagrein. Er átt við málsgrein 3 hér að ofan?

### 6.gr.

Talað er um að friða land gagnvart orkuvinnslu (orðalag úr vasserdrag). Ef vernd er viðurkennd þarf ekki að þrástaga á þessu. Af hverju er land friðað? Land er friðað af því að það er gersemi. Landsvæði voru friðuð áður en boranir voru fundnar upp. Yellowstone var friðað, 1872 stærsta háhitasvæði heims 9000km<sup>2</sup>. Orkan er jafnvel ekki nýtt fyrir þjóðgarðinn!

Með lögum nr.36./1974 um Mývatn og Laxá var allur Skútustaðahreppur friðaður 4000 km<sup>2</sup>, svæði sem náði suður til Vatnajökuls og norður í norðurhlíðar Gæsafjalla. Með nýju lögnum um verndun Mývatns og Laxár 2004, varð friðaða svæðið að 200m ræmu á bökkum Mývatns og Laxár ásamt lækjarsprænum og votlendi við norðaustur hluta vatnsins. Þannig missti Kröflusvæðið skírlífisbeltið. Þetta mun hafa verið gert með Ramsar- samninginn sem skálkaskjól, og öðrum friðunum heitið á móti, sem ekki er búið að efna. Í þriðju málsgrein er talað um að leyfa yfirborðsrannsóknir á vernduðum svæðum. Burt.

### 7gr.

Skipulagsáætlanir. Annað mál. Mörg sveitafélög meta von um tímabundinn gróða meira en sérstaka náttúru. Nokkrar sveitir hugsa þó öðruvísi. Tjörnesshreppur, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur og Rangárþing eystra huga að "geo-tourisma" og tengslaneti við "GeoParks." Mývatn og umhverfi er reyndar á "tentative" lista heimsminjaskrár, en það kemur utan frá.

## Markmið: “Að virkja eða ekki að virkja - það er spurningin” J.S.

Markmið þessa lagafrumvarps er að finna virkjunarkosti sem sátt gæti ríkt um. Ef frumvarpið er sett fram til að draga úr vaxandi andstöðu við virkjanir, þá missa þau marks. Kannski þarf einungis að skerpa á og virða þau lög sem fyrir eru. Ég hef varðveitt blaðagrein eftir Eysteinn Jónsson: *Iðnþróun - Náttúruvernd - Orkustefna*. (Tíminn 24. apríl 1977). Hann varar við þeirri hugmynd að orkulindir okkar séu ótæmandi og í niðurlagi greinarinnar segir hann: “*Viðfangsefnið er að móta og framkvæma kröftuga framfarastefnu í iðnaðarmálum, sem reist er á þeirri sannfæringu, að við höfum ráð á því að búa í ómenguðu umhverfi og eiga áfram óspjöllud og dýrmæt náttúruverðmæti.*” (1) Stóriðja eins og hugtakið er notað hér á landi er ekki iðja eða iðnaður, heldur framleiðsla á hrávöru, málmbræðsla. Íslenska orðabókin staðfestir það.

Júlíus Sólnes segir í “Á Sprekamó” (Bókaútgáfan Hólar 2005). “*Einhver furðulegasta röksemd, sem komið hefur fram í þessum deilum er sú staðhæfing, að Íslendingum beri skylda til þess að virkja og byggja álver á Íslandi til þess að draga úr hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda. Álver væru annars byggð þar sem raforka frá eiturspúandi kola- og olíuorkuverum yrðu notuð. Hér væri hins vegar aðeins notuð “hreinn og óspillt” náttúruorka. Þessi áróður hefur heppnast svo vel, að annar hver maður á Íslandi trúir þessu. Nú vill svo til að óvirkjað vatnsafl í heiminum er griðarlegt. Vatnsafl á Íslandi kemst ekki á blað í þeim samanburði.*”

Árnar okkar eru smáar á heimsvísu og jökulárnar fullar af aur en bergvatnsárnar af laxi. World Commission on Dams (WCD) krefst mats á aurfyllingu. Þáttur sem ekki var tekinn inn í mat á Háslóni. Aurfylling takmarkar nýtingartíma virkjana. Mundi virkjun Skaftár standast reglur WCD? WCD gerir líka kröfu um “public acceptance”, sátt við almenning. Í nóv.2003 fer WWF fram á að Jökulsá á Fjöllum verði hlíft: “*WWF is urging the icelandic government to afford protection to a third glacial river, Jökulsá á Fjöllum, including its designation as a Ramsar site.*” (2) Ég var á orkuþingi þar sem Jökulsá á Fjöllum var ekki inni í orkutölum, en hún er samt með í rammaáætlun 2. Magnús Tumi gerir Jökulsá og umhverfi hennar skil í skýrslu ráðgjafanefndar um Vatnajökulspjóðgarð bls.31-40. Flest það jákvæða í rammaáætlun 1 er nú endurmetið og á korti sem fylgir rammaáætlun 2 blasir við að allt er lagt undir meira að segja heiðarvötn og fjallalækir á Vestfjörðum.

## Gildi háhitasvæða

“*Hann boraði um allt nema í Kröflu þar vildi hann ekki bora*” Jarðhitabók bls. 256.

Hamrað hefur verið á því að virkjanir háhitasvæða hafi minni áhrif á umhverfið en virkjun fallvatna. Á Raunvísindafingi 2004 um: “Umhverfisáhrif af nýtingu jarðhita” sagði Stefán Arnórson prófessor og jarðefnafræðingur: *Nýting jarðhita veldur mun minni umhverfisáhrifum en nýting kola, olíu og jarðgass, einkum hvað varðar efnamengun andrúmslofts. Eftir sem áður hefur nýting jarðhita, sértaklega háhita nokkur neikvæð umhverfisáhrif. Má þar einkum nefna spillingu á landslagi, þormun hvera og lauga, stundum aukna virkni gufulhverja, jarðvegsrof, hávaða- og sjónmengun en síðast ekki sist efnamengun andrúmslofts og yfirborðs- og grunnvatns. Þá getur nýting jarðhita valdið landsigi og aukinni jaðskjálfta-virkni. Stundum er nauðsynlegt að vega ábata af nýtingu jarðhita við varðveislu náttúrufegurðar fyrir komandi kynslóðir og gildi auðlindarinnar fyrir ferðamennsku.*” Reyndar hef ég glósað eftir fyrirlesaranum “umtalsverð” um umhverfisáhrifin. Nú gerir IGA

kröfur til niðurdælingar á CO<sub>2</sub>. Aðferð við það er þróuð hér og reynd við Hellisheiðarvirkjun. Vetni úr H<sub>2</sub>S hljómar spennandi.

Nú er jaðhiti talinn endurnýjanleg auðlind (EB 2009). Til þess að það standist þarf orkulindin að endurnýjast jafnóðum. Til að teljast sjálfbær má ekki taka meira af orkunni en endurnýjuninni á jarðhitasvæðinu nemur. Jarðhitasvæðin eru misgjöful og búa yfir ólíkum eiginleikum. Þess vegna er fyrsta boðorðið við nýtingu jarðhita að fara sér hægt. Talið er að nýting sé sjálfbær, þegar hægt er með hóflegri notkun að nýta svæði í 100 - 300 ár. Á málþingi jarðhitafélags Íslands 11. febr. 2004 kom eftirfarandi fram í fyrirlestri Árna Gunnarssonar hjá Landsvirkjun: "Samkvæmt mati Orkustofnunar gæti Kröflusvæðið staðið undir 375 MW vinnslu í 50 ár." (3)

Gunnar Böðvarsson, yfirverkfræðingur skilgreindi vinnsluna sem varmanám Guðmundur Pálmason, sem var forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar um árabíl og Þorsteinn Sigfússon, eðlisfræðingur og prófessor taka í sama streng. Þorsteinn í erindi sem ég hlustaði á nýlega. Það sem hægt er að eyðileggja með ofnotkun á nokkrum áratugum er endanlegt. Við drögum ekki úr geislum sólar með sólarrafhlöðum, ekki styrk vindsins með vindrafstöðvum né breytum við sjávarföllum með að vinna úr þeim orkuna. Jarðhiti fylgir sýnilega ekki þessum lögmálum. Grunnvatn er heldur ekki óendanlegt forðabúr. Guðmundur segir í Jarðhitabók sinni (2005 uppseld) að sambærilegar borholur á Svartsengis- og Nesjavallasvæðum gefi um tvöföld afköst í rennsli miðað við borholur á Kröflusvæðinu. Fyrirnefndu svæðin eru mjög hagstæð að þessu leyti og orkuvinnsla úr borholum þar því tiltölulega ódýr (bls.83). Hann segir að með 100 MW rafafli endist Nesjavallavirkjun í 70 ár. Nú eru virkjuð 120MW. Sjá greinar í Mbl. 14. okt. 1998 og 18. okt. 2006: "Nesjavallavirkjun náma eða hvað?" eftir Jóhannes Zöega (4) og "Nýting jarðhitans" eftir Guðrúnu Zöega. (5). Varmaöflun til annarra nota en virkjana fer mun mýkri höndum um landið. Þegar gufan er afgangorka frá varmaorku er heppilegt að virkja hana. Vinnsla varmaorku í Svartsengi hefur verið til fyrirmyndar með sínar mörgu "aukabúgreinar."

## Reynsla til að læra af

Viða um lönd hefur verið farið of geyst í virkjanir. Frægasta dæmið er "Geysirs" háhitasvæðið í Kaliforníu með 23 jarðhitasvæðum og 350 borholum. Rafmagn er til almennrar notkunar, í fyrstu 943 MW seinna 2000 MW, en lækkaði síðan um 10% á ári. Frá 1997 hefur affallsvatni frá næstu borgum verið dælt niður. Samt hefur ekki tekist að halda uppi fyrri þrýstingi og nýting nú 750 MW. Tvö goshverasvæði í Nevada eru kulnuð vegna virkjana. Yellowstone í Bandaríkjunum, mesta háhitasvæði heims á heitum reit er 9000 km<sup>2</sup> að stærð og var friðað 1872. Ekki hafa borist neinar fréttir af því að Bandaríkin ætli sér að bjarga heiminum með því að virkja þessa náttúruparadís sína.

Nýja-Sjáland býr yfir mikilli orku. Wairakei svæðið hefur sigið allt að 17 m næst borholunni og um 1m í 7-8m fjarlægð. Þar hófst niðurdæling 1984. Ríkið á háhitasvæðin sem eru 15 og hefur verið gengið nærri sumum þeirra. Ein 37 ára gömul álbræðsla er í Nýja-Sjálandi, rekin með rafmagni frá vatnsorkuveri. Álverið framleiðir ein 332 (mest 352) MTPY. Þeir segja hana ein af 20 stærstu álverum heims og hún framleiði besta álið sem síðan er notað í hátækniðnaði. Hefur reyndar átt í svolitlu basli nýlega. Ég sé engin plön um fleiri bræðslur þótt ögn styttra sé til Ástralíu eftir bákíti en héðan og gufuaflíð meira og fólkið fleira. Ísland var komið fram úr Nýja-Sjálandi með gufuaflsvirkjanir árið 2007.

Þeir rækta reyndar rækju með hitaveitu. Ég heyrði eitt sinn á tal sjómanna fyrir vestan. Þeir töldu að rækjumiðin væru yfir uppstreymi hita í sjónum. Nú er litið á Enhanced geothermal system (EGS), sem vænlegan kost. Kannski væri hægt með þeirri bortækni að halda sér utan við náttúruperlurnar okkar. Svo er það íslenska djúpborunnar verkefnið, IDDP. Sýnum biðlund!

## Náttúra á Heimsvísu

Jarðminjar hafa hingað til haft minna vægi en lifríkið þegar náttúran er metin. Sennilega vegna þess að sumt af því sem er fágætt er líka lítið þekkt. Ekki eru alþjóðasamningar um vernd jarðminja. Jarðhitasvæði eru í 24 löndum. Hefur þeim víða verið raskað, svo að ósnert svæði verða því verðmætari. Íslensku svæðin hafa líka það fram yfir flest önnur að gróður gleypir þau ekki. Líparitmyndanir, háhita- og hverasvæði eru fágæt á heimsvísu og Ísland að því leyti einstakt í Evrópu. Á Ítalíu eru Aeolín eyjar með Stromboli á Heimsminjaskrá UNESCO sem vitni um eldvirkni. Þar er rannsóknarstöð í eldfjallafræði. Nýlega kom ábending frá UNESCO um þátttöku í alþjóðlegri raðtilnefningu náttúruminja á Atlantshafshryggnum. Norðmenn tilnefndu Jan Mayen. Pico ein Azoreyja er komin inn.

Sigurður Þórarinnsson sagði íslenska “hryggjarstykkið” aðgengilegasta hluta Miðatlantshryggjarins til rannsókna. Það átti aldeilis eftir að sanna sig með Kröflueldum. Hvergi í heiminum hefur gliðnun á miðhafshrygg og eldgosi því samfara verið rannsakað og lýst jafn ýtarlega. Einnig tengslin við heita reitinn Í bók “Hins íslenska náttúrufræðifélags”: “Náttúra Mývatns” köflunum eftir Kristján Sæmundsson og Pál Einarsson er hægt að fræðast um Kröfluelda. Ekkert jafnast þó á við að ganga í kringum og á Leirhnjúk og undrast.

Okkur ætti að bera skylda til að útnefna Kröfusvæðið með Gjástykki í raðtilnefning UNESCO. Ómar Ragnarsson skrifaði grein í Mbl. 15.sept. 2009: *Friðun heimsundursins Leirhnjúks, Vítismós og Gjástykkis*. Það kom mér á óvart þegar ég rakst á tillögur Norrænu ráðherranefndarinnar frá 1996 um 21 svæði á Norðurlöndum á heimsminjaskrá UNESCO. Þar var stungið upp á Mývatni og eldhraununum þar. Sjá einnig The Nordic World Heritage frá 2001; Mývatn-Laxá, Skutustadar- hreppur. Þetta var víst ekki fréttæmt. (6)

Ég sé hvergi skýrskotað til alþjóðlegrar ábyrgðar á jarðminjum í rammaáætlun né frumvarpinu. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar, 149 blaðsíður og geisladiskur, var unnin fyrir Orkustofnun vegna rammaáætlunar 2. Þar er fágæti á heimsvísu metið. Skýrslan kæmi sér vel til að koma jarðhitasvæðum á Heimsminjaskrá en er ekki metin að verðleikum í rammaáætlun. Þeir telja upp svæði sem við berum alþjóðlega ábyrgð á. Ég mundi reyndar vilja bæta við Kerlingafjöllum. Þau eru á náttúruminjaskrá með sín líparít- fjöll og stapa ásamt hveravirkni. Mér hefur ekki tekist að finna líparítstapa utan Íslands.

Dr. Jack D.Ives ráðgjafi hjá Sameinuðu þjóðunum og Íslandsvinur bauð til fyrirlestrar í Öskju 14. febr.2004. Hann sýndi okkur litskyggjur teknar á Hasselblad myndavélina sína, en hann ferðaðist um Himalyafjöllin til að meta þau á heimsminjaskrá. Fegurð þessara landsvæða var ótrúleg.

Ives segir: “Ég vil leggja áherslu á að Kerlingafjöll –Hofsjökull- Þjósárver eins og horft er á þau fyrir suðaustan Þjósá ( t.d. frá Sóleyjarhöfða) sé eitt tignarlegasta og áhrifamesta landslag í öllum heiminum. Ég mundi gera ráð fyrir að stækkað friðland Þjósárvera, ásamt Kerlingafjöllum, nálægri eyðimörk og allur Hofsjökull, kæmu sterklega til greina á Heimsminjaskrá.” (7)

Ætti ekki að dusta rykið af tillögum Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi 1998 um friðun stóru jöklanna? Eyjafjallajökull á nú ýmislegt skilið, að hvíla okkur á krepputalinu og sýna heiminum hverju landið okkar býr yfir. Ætti heima með Mýrdalsjökli og svæðinu sem gerð eru skil í Árbók FÍ 2010 “*Friðland að Fjallabaki*” eftir Ólaf Haraldsson þjóðgarðsvörð. Árbókin sómir sér sem tillegg á heimsminjaskrá. Svæðið er orðið svo þekkt út í löndum að við komumst ekki hjá því að taka tillit til þess. Þegar þú býður upp á kræsingar, setur þú ekki blettóttan dúk á borð.

## Jarðvá

“Í febrúar 2007 skipuðu Landsvirkjun, Þeistareykir ehf. og Landsnet hf. hóp sérfræðinga til þess að meta jarðvá fyrir virkjunarstaðina Þeistareyki, Gjástykki, Kröflu og Bjarnarflag auk háspennulína og staurastæða frá virkjunum að iðnaðarsvæði við Bakka norðan Húsavíkur. Í skýrslu hópsins kemur fram að jarðvá tengist *einkum, eldvirkni, jarðskjálftum og hreyfingu tengdri landreki og kvikusöfnun í jarðskorpunni.*” Er hægt að lýsa betur þeim reginöflum og jarðfræðilegri fjölbreytni, sem mótar landið.

Ég og fleiri höfum lengi borið ugg í brjósti vegna jarðskjálftans, sem búist er við á Húsavíkur- Flateyjar- misgenginu. Þetta kemur málinu við vegna álversnauðhyggjunnar, en virkjunarframkvæmdir í Þingeyjarsýslu hafa fyrst og fremst miðast við álver. Mat á jarðskjálftahættu var alltaf sagt bíða frummatsskýrslu. Skýrsla Kristjáns Sæmundssonar ofl., Viðauki nr. 13, var tilbúin haustið 2006, en birt í vor með frummatsskýrslu vegna sameiginlegs mats. Viðauki nr. 14 er skýrsla jarðskjálftaverkfræðinganna. Þeirra útgáfa er reyndar “preliminary probabilistic hazard analysis.” Hve lengi á að bíða eftir að þeirra “preliminary” útreikningum ljúki? Kannski bíða þeir bara eftir skjálftanum. Ég ætla að gerast svo djörf að senda hér með grein sem ég skrifaði upphaflega sem athugasemd við Álver á Bakka. (8) Í henni eru tilvitnanir í fræðigreinar og skýrslur tengdar álveri. Úrdráttur úr þeirri grein birtist í Mbl. 18. des. 2008. “Er álver á Bakka hættulrg. t”

## Krónur og aurar

Guðmundur Pálmason segir: “Á síðari árum hefur aukist mjög áhugi á raforku frá jarðhitaverum til að mæta vaxandi stóriðjubörfum. Tíminn leiðir í ljós hver verður hagkvæmni slíkrar orkuvinnslu þegar gætt hefur verið allra umhverfissjónarmiða”.

ECD sagði 2005 að hin mikla fjárfesting í “aluminium related investment” gæti yfirhitað íslenska hagkerfið og stuðningur ríkisins við menntun og eco-tourism væru heppilegri. (2a)

Danir tína ekki fjallagrös. Þeir framleiða vindmyllur fyrir vindrafstöðvar Spánverja. Kannski ættum við að spá í vindinn, sjávarföllin og osmósu, þar sem ferskvatn og sjór mætast.

Sá misskilningur er í gangi að álið sé í eigu Íslendinga. Álútflutningurinn er talinn í hagtölum og látið líta út fyrir í fréttum að hann keppi við sjávarútveginn. Reyndar er talað um útflutningsvörur Íslands, en ég hef rekið mig á að fólk telur þetta útflutning Íslendinga enda sett þannig fram. Við seljum meira rafmagn eftir því sem meira er framleitt af áli en á hvaða verði? Í Mbl. 14. apríl segir forstjóri Landsvirkjunar að algengt raforkuverð til stóriðju hér á landi sé 2,5 kr. eða 25 mills, en almennt verð 3.5 kr. Meðalverð á heimsmarkaði sé 25 mills. Þetta er ósamhljóða mínum upplýsingum. Á “CRU forecast Aluminium smelting power tariffs” segir meðalverð hafa verið 34.5 mills/kWh 2009 og verði 37 mills í ár en hækki upp í 40 mills 2012. (9) Upplýsingar um einstök fyrirtæki þarf að kaupa. IceNews segir Norðurál borga 15 mills (10). Þarna ber ansi mikið á milli, en hefur ekki verið rætt.

Ég held að skylda okkar við heiminn sé miklu frekar fólgin í því að leyfa okkur og heimsbyggðinni að njóta þessa undralands sem landið okkar er.

*Bergþóra Sigurðardóttir* 3. ágúst 2010  
Bergþóra Sigurðardóttir lækur netfang:bergkristall@simnet.is

“En ég segi þér satt, steinar eru spakir í landslagi, steinar brosa í landslagi. En það er ekki sama hver gengur framhjá,” sagði Kjarval. Ég óska þér lesandi góður að landið brosi við þér.

# Eysteinn Jónsson: Iðnþróun — Náttúruvernd — Orkustefna

Ég hef verið beðinn um að vekja hér máls á náttúruvernd og iðnvæðingu. Mun ég leitast við að benda á nokkur grundvallaratriði, sem varða þetta mikla efni, en ég kemst ekki lengra en að vekja athygli á þeim, því að ég hef ekki tök á að gera þeim önnur skil nú.

Rétt þykir mér að geta þess, að þær skoðanir sem fram koma, eru mínar persónulegu skoðanir, nema þar sem vitnað er til annarra, t.d. ályktana Náttúruverndarþings.

Stundum er hent gaman að því, þegar menn vitna í sjálfa sig. Ég ætla samt að láta mig hafa það að vitna í þingræðu eftir mig frá því í marzmánuði 1971, og var þá verið að ræða um naubösyn mengunarvarna í álverinu í Straumsvík. Í upphafi máls míns þá reyndi ég með svofelldum orðum að gera gjein fyrir náttúruverndarviðhorfum, og ég sé tæpast fram á að ég bæti þetta, þótt ég færi að orða það eitthvað dálítið öðruvísi:

## Hættuleg úrgangsefni

„Stórfelld iðnvæðing nútímans, þéttbýlið í borgunum og öll hin gifurlega mergð úrgangsefna, sem flæða frá þeim tiltölulega litla hluta mannkynsins, sem lifir í allsnægtum, hefur skapað gifurlega hættu, sem ógnar heilbrigðu

eru langar og breiðar stofur, mikilfengleg húsgögn og dýrir bílar, ef loftið er mengað, umhverfið löðrandi í öþverra, gróðurlaust og dautt, og vatn og sjór blandað eitri og óhreinindum? Þegar svo er komið yrði fánýtt að vaða í peningum.

Þetta verða menn að horfast í augu við öfga- og ædrulaust. Menn verða að gera sér grein fyrir þessum nýstárlegu viðhorfum og takast á við hin nýju viðfangsefni skynsamlega og með festu.”

## Nýtt verðmætamat


Þau sjónarmið, sem voru þannig sett fram 1971, eru nú orðið talsvert almennt viðurkennd og

ar samkeppni sem hann verður að heyja heima og erlendis við iðnað annarra þjóða — en það verðum við líka að gera án tafar.

Mikil sókn í iðnaðarmálum landsmanna verður og hlýtur að vera framundan. Þýðingarmikið er því og brennandi, einmitt um þessar mundir, að stefnan í iðnaðarmálum verði einnig mótuð með nægilegu tilliti til almennt viðurkenndra sjónarmíða í umhverfismálum.

Kemur þar til val iðnaðarverkfna, staðsetning iðnaðarfyritækja og varnir gegn mengun.

Framkvæmdir; til þess að fyrirbyggja mengun svo viðunandi sé, verða hiklaust að teljast með sjálfsögðum stofnkostnaði og rekturskostnaði iðnfyrirtækja og verða að takast með í áætlanir í



Vykgerit

# Áru- fna

Íðnaðarframkvæmdir, sem í er ráðizt, uppfylli þau skilyrði sem eðlilegt er að setja frá umhverfis-  
sjónarmiði.

## Íðnrekstur Íslendinga í höndum þeirra sjálfra

Mín skoðun er sú, að íðnrekstur Íslendinga eigi að vera í höndum þeirra sjálfra og að við eigum að hafna stórlöðu útlendinga. Kemur þar margt til frá mínu sjónarmiði séð, sem ég hefi oft rakið á öðrum vettvangi og rek ekki hér að ráði. Nefni hér hættuna á of miklum erlendum áhrifum, sem erlend-

okkur er á því að forðast stórfellda félagslega og atvinnulega röskun.

Þetta er held ég að skýrast fyrir okkur þessi misserin, það vona ég a.m.k.

Náttúruverndarþingið 1975 gerði svofellda ályktun um íðnrekstur, sem nauðsynlegt er að rifja hér upp:

„Náttúruverndarþing 1975 telur rétt að fram fari athugun á því, hvaða svæðum sé sérstök ástæða til að hlífa við raski og ágangi, sem meiriháttar íðnrekstri fylgir, og hvaða staðir á landinu henti til meiriháttar íðnrekstrar.


Þingið leggur áherzlu á, að teknir séu upp þeir starfshættir, að áður en teknar eru ákvarðanir um stofnun íðfúvers eða íðnreksturs á ákveðnum stað fari fram allar þær rannsóknir sem rétt er að gera kröfur til, og verði haft samráð við þá aðila og stofnanir sem hlut eiga að máll. Er brýnt að slíkum undirbúningi sé lokið, áður en yfirvöld taka ákvörðun um að heimilla rekstur á tilteknum stað eða leggja slík mál fyrir Alþingi.

Þá telur þingið rétt að fylgt sé þeirri reglu að á Íslandi sé einungis leyfður íðnrekstur sem hefur fullnægjandi tök á mengunaryörnum vegna umhverfisins og heilbrigði þeirra er við hann vinna.

Felur þingið Náttúruverndarráði að beita sér fyrir aðgerðum í þessa átt í samvinnu við stjórn íðnaðar- og heilbrigðismála.

Náttúruverndarráð og íðnaðar-ráðuneyti, sem einnig hefur orkumál, hafa nú í nokkur ár haft samstarfsnefnd um orkumál, sem að mínu viti hefur reynzt þýðingarmikið spor í rétta átt, ekki sízt til að tryggja það, að samráð séu höfð nógu snemma um þær hugmyndir að framkvæmdum, sem koma fram.

Náttúruverndarráð fól fulltrúum sínum í nefndinni að vinna að því að hún tæki einnig fyrir þau verkefni, sem ályktun þessi legg-





nýju ljósi, og til þess að átta sig á þeim nýju viðfangsefnum, sem við eigum fyrir höndum að glíma við, er nauðsynlegt að festa sér í minni nokkur höfudatriði þessara nýju viðhorfa.

Þyðingarmest af öllu er að gera sér grein fyrir því, að það verða sífellt eftirsóttari lífsgæði að eiga heima í ómengubú, eðlilegu umhverfi og hafa auðveldan og frjálsan aðgang að útivist í óspilltu, fjölbreytilegu landi. Eftir því sem mengun og önnur vandkvæði þéttbýlislandanna þrengja meira að, verður það þyðingarmeiri þáttur í viðhorfi manna í hvaða umhverfi sem þeir eiga kost á að lifa.


Þetta þýðir, að þau lönd, sem vel eru sett í þessu tilliti, hafa að öðru jöfnu betri lífskjör að bjóða en önnur. Lífskjör mótast sem sé ekki einungis af fæði, klæði og húsnæði, og þátttöku í því, sem menn oft eiga við þegar þeir tala um menningarlíf, heldur einnig því, hvort menn eiga kost á því eða ekki, að lifa í eðlilegu og viðkunnanlegu umhverfi.

Hér er því um landkosti að ræða á borð við aðra þyðingarmestu þætti. Þetta er í fyllsta máta hagnýtt sjónarmið, samhliða því menningarlega, sem í því felst að leggja rækt við land sitt og nágrenni.

Menn verða því að gera sér grein fyrir því, að hreinlegt, óspillt og aðlaðandi umhverfi sem almenningur hefur aðgang að, eru landkostir eins og gott búland, góð fiskimið, fallvötn, jarðhiti og önnur náttúrugæði. En þessi skilningur verður að koma til og setja sitt mót á þjóðar búskapinn, áður en það er of seint.

Séum við sammála um, að það sé raunverulega mikils virði að lifa í ómengubú, viðkunnanlegu umhverfi, þá verðum við að vera reidubúin að láta gera þær ráðstafanir, sem til þess þarf að svo megi verða, og kosta því til, sem nauðsyn krefur.

En sé hik á okkur að viðurkenna þessi grundvallaratriði, þá mætti reyna að mála þetta sterkari litum og spyrja: Hvers virði



Herðubreiðarlindir

það er a.m.k. tæpast umdeilt, að tillit verður að taka til þeirra, og ég held að segja megi að nýtt verðmætamat hafi verið að fara fram og sé að fara fram hér á landi, þar sem þau góðu heilli eru tekin verulega til greina.

Audvitað greinir menn á um matið, þegar til framkvæmdanna kemur — þegar á hölminn kemur, en eftirtektarvert er, að það úir og grúir af yfirfyrirgæfum um að mengunariðnað verði Íslendi- ar að forðast umfram allt. Vonandi er það góðs viti að svo margir beri sér þetta í munn.

Eg tel það eiga að vera grundvallarþátt í iðnaðarstefnu Íslendinga að koma upp þeim iðnaði einum, þar sem hægt er að koma við fullnægjandi mengunarvörnum innanhúss og utan, og sem koma má á fót án óviðunandi röskunar á umhverfi.

Eftir að við höfum nú fært landhelgina út í 200 mílur og sitjum bráðum ein að fiskimiðunum, erum við ekki í neinni þeirri neyb stöð með hjargræðisvegi, að við þurfum að koma upp iðnfyrirtækjum, sem menga umhverfið eða valda óþarfilegum umhverfisþjöllum. Verðum við þá að nýta fiskimiðin skynsamlega.

Margs konar iðnaði verðum við að koma á fót, bæði úr okkar eigin og innfluttum hráefnum og með hjálp þeirrar orku sem við eigum ráð á, og þetta getum við sjálf, ef við búum eðlilega í hagnis fyrir iðnaðinn með fullu tilliti til þeir-

upphafi þegar metið er, hvort þau eiga rétt á sér eða ekki. Menn verða einnig að gera sér grein fyrir því að tryggja verður fyrirfram, áður en ákvarðanir eru teknar um stofnun nýrra fyrirtækja, að þessar ráðstafanir verði gerðar þegar í upphafi. Reynslan sýnir okkur glögg og átakanlega hversu erfitt er að bæta úr eftir á — ef ekki er tryggilega gengið frá öllu í öndverðu. Höfum við skýr dæmi um þetta fleiri en eitt, og er öll upptalning í því efni óþörf hér.

Nauðsyn ber til að lögfesta ytarlegri og traustari ákvæði en gildandi lög geyma, til þess að fyrirbyggja, að farið sé af stað með mengunariðnað án fullnægjandi varna. Er mér kunnugt um að nefnd sú, sem unnið hefur að því að semja frumvarp að lögum um umhverfismál, gerir tillögu til úrbóta í þessu efni, sem brýnt er að ná fram að ganga.

Við Íslendingar eigum svo mikla undir því komið að geta komið hjá mengun og óþarfilegri röskun landsins, að við verðum að hafna þeim iðnrekstri, sem þess háttar vandkvæði fylgja.

Okkur skortir áreiðanlega ekki verkefni sem samrýmast því að bæta landið og halda hreinleika lofts og lagar, en einmitt þeir þættir eru dýrmat þjóðareign, sem ekki má spilla.

Það þarf á hinn bóginn, eins og ég hefi dregið á, að ganga mun betur frá því en ennþá hefur tekið, að í tæka tíð sé tryggt að þær



arráði að vonast eftir því að upp úr þessu spretti vaxandi samstarf þessara aðila um iðnaðar- og orkumál, sem svo mjög fléttast saman, og náttúruvernd.

## Orkustefna

Við áætlanir og ákvarðanir um uppbyggingu iðnaðarins koma orkumálin inn í myndina og þá fyrst og fremst að mínu áliti frá því sjónarmiði, hvort við höfum orkulindir til þess að koma á hagkvæman hátt upp þeim iðnaði, sem við teljum okkur henta og við höfum að öðru leyti skilyrði til að lifa af.

um stórrækstri fylgir og skerðingu atvinnulegs sjálfstæðis. Erlendur stórræktur byggist á alls konar ívilnunum sem ábrir t.d. íslenzkir atvinnurekendur, njóta ekki, og gerir því ekki í blóðið sitt í þjóðarbuinu samanborið við rektur okkar sjálfra. Ofan á bætist, að hagnaðurinn og afskriftaféð kemur alls ekki inn í landið. Þessi rektur er ótraustur því honum er hagab eftir því, sem erlendir eigendur telja sér henta. Erlend stóriðja knýr til þess að gengið verði nær landinu til orkuöflunar en góðu hófi gegnir, og þess háttar stórrækstri fylgir háskaleg félagsleg og atvinnuleg röskun í þjóðarbuinu m.a. vegna þess að rekstrareiningar eru mjög stórar.

Þegar til lengdar lætur verður það helzta tryggingin fyrir því, að eðlilegra umhverfissjónarmiða sé gætt, að atvinnurekturinn sé á vegum landsmanna sjálfra, þar sem okkur sjálfum mun þrátt fyrir allt helzt renna blóðið til skyldunnar við landið og landsmenn.

Ég er vantrúður á, að íslendingar hafi í reynd vald á því að ráða við erlend risafyrirtæki, sem umhverfisröskun og mengunarhætta fylgir, jafnvel hversu vel sem frá öllu sýnist gengið í byrjun.

Ég tel að smærri rekturseiningar og meðalstórar henti okkur betur en tröllvaxin stóriðja. Kemur þar til umhverfissjónarmið og ekki síður sú bryna nauðsyn, sem

Að sjálfsögðu leiðir þetta til þess, að virkjunarstefna hlýtur að eiga að mótast af því hve mikilli orku landsmenn telja sig þurfa á að halda, þ.á.m. til þess iðnaðar, sem menn vilja koma í framkvæmd. Orkustefnan hlýtur því, ef rétt er að farið, að mótast verulega af iðnaðarstefnunni en ekki öfugt. Orkan er þjónninn en ekki húsbóndinn — en á því hefur vilj- að bóla hjá okkur, virðist mér, að þetta snerist við í framkvæmdinni. Þessi eða hin iðngreinin yrði að koma til orkunnar vegna — t.d. orkufrekur iðnaður, sem landsmenn réðu þó ekki við og yrðu að láta utlendinga reka. Hann yrði samt að koma til, því að nýta þurfi orkuna. Ég álit það algerlega á misskilningi byggt, að íslendingar þurfi að taka á sig hættuleg vandkvæði svo sem eins og þau að láta utlendinga taka við atvinnuuppbyggingunni eða setja upp mengunariðnað — vegna þess, að þjóðin eigi orkulindir, sem ekki eru nýttar ennþá.

Heilbriggt sjónarmið hlýtur að vera það að virkja þessar orkulindir jafnóðum og landsmenn þurfa á að halda m.a. til þess að koma á fót þeim iðnaði, sem talið er hentugast að hafa með höndum og lifa á.

Auðvitað getur orðið ágreiningur um það hvaða iðnrektur henti best. Þann ágreiningur verður að gera upp jafnóðum og koma þá mörg sjónarmið til greina að sjálfsögðu, m.a. tilfitt til mengun-

Framhald á bls. 25

arhæltu náttúruverndar, sem hér er einkum til umræðu og svo orkumöguleikar. Þegar menn hafa gert það upp við sig hvað þeir vilja í iðnaðarmálum, þá er að ráðast í virkjanir í samræmi við það.

Að sjálfsögðu koma orkumálin inn í myndina þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því hvað af þeim iðnaði, sem talinn er æskilegur, geti komið á fót og gefið góðar tekjur.

Nú erum við svo lánsamir, Íslendingar, að við eigum allmikla orku ónýtt, bæði vatnsorku og hitaorku. Allt er þó á reiki um það, hve mikil nýtanleg orkan er.

Menn mun lengi greina á um það t.d. hversu mikil landspjöll megiverða vegna virkjana, og þá meta í hvaða skyni á að nota orkuna. A.m.k. sýnist mér; að þar muní vega þungt hvort þar er um brýna nauðsyn landsmanna að ræða eða t.d. erlenda stóriðju.

Margt sýnist enn óljóst um framkvæmanlega nýtingu jarðhitaorkunnar á háhitasvæðunum en við vonum að hún reynist mjög mikil og vel hagnýtanleg. Menn hafa verið að nefna tölur um nýtanlega vatnsorku. Það eru nokkur ár síðan tölur voru fyrst nefndar í því sambandi og þær hafa gjarnan verið notaðar síðan til marks um það hve þjóðin ætti mikla vatnsorku ónotaða. Nú munu líklega allir sammála um; að þessar tölur eru alltof háar miðað við skynsamleg og hófleg umhverfissjónarmið.

Þessar fyrstu tölur voru byggðar á það mikilli rökun vatnsfalla og landfórnum, að allir munu sammála um að endurskoða verður þær og lækka verulega. Eg hefi séð og heyrt áhugamenn um orkunýtingu gizka á, að lækka þyrfti þær um þriðjung, en ógerningur er að sjálfsögðu enn að gera sér grein fyrir útkomunni, þegar umhverfissjónarmið hafa verið tekin til greina. Það blasir því augsynilega við, að miðað við ný viðhorf í umhverfismálum og gífurlega ört vaxandi orkuþörf landsmanna til annars iðnaðar en stóriðju og til alls konar nota — þá verður að endursmeta allar þær

hálandinu á stórum landsvæðum, en þar er gróðurinn og dýralíf mest, eða flytja stórflyót milli byggðarlaga o.s.frv.? Eng held ekki. Areiðanlega hafa menn ekki enn getað áttað sig á hvað af þess háttar gæti leitt í landsspjöllum t.d. ágangi vatns, veðurfarsbreytingum o.fl. Hér er því brýnt að fara með gát. Og í hvaða skyni ætti að færa slíkar fórnir, umturna landinu með þvílíku móti? Til þess að koma upp orkufrækm iðnaði útlendinga? Ekki geri ég ráð fyrir að landsmenn vilji það í raun og veru.

En þá er líka vissara að kryfja þessi mál til mergjar í tæka tíð og taka þá með í reikninginn, að okkur ber skylda til að koma barnabörnum okkar eða þeirra börnum ekki í þá klípu, að þau telji sig tilneydd að vinna stórskemmdir á landinu, til þess að afla sér orku í lífsnaðsyn.


## Úttekt á vatna- og jarðhitasvæðum

Rétt er að rifja enn upp að verið er að reyna að veita þessum málum fyrir sér — og efna til nauðsynlegrar samvinnu náttúruverndarráðs og orku- og iðnaðarmálastjórnar um þessi efni. Er það gert í framhaldi af ályktunum Náttúruverndarþings um brýna nauðsyn á úttekt á þessum málum þar sem öll þessi sjónarmið komi til.

Hefi ég getið um ályktunina um iðnaðarmál og þykir mér hlýða að rifja hér einnig upp svofellda ályktun sama Náttúruverndarþings um úttekt á vatna- og jarðhitasvæðum landsins:

„Náttúruverndarþing 1975 telur nauðsynlegt að gerð sé úttekt á vatna- og jarðhitasvæðum landsins. Verði einnig gerð heildarætlun um friðun þeirra fossa, hvera, vatna- og jarðhitasvæða, sem réttmætt þykir að vernda. Telur þingið að til álita komi að greina verndarsvæði í tvo flokka:

1. Svæði, sem rétt sé að friða varanlega og
2. svæði, sem sæta skuli tíma-



um það hvernig af þeim er ausið.

Ekki finnst okkur, sem komin erum á efri ár og höfum lifað byltinguna miklu í atvinnu- og lífnáðarháttum, ótilhýðilegt að við athugum þessara mála væri hugsað eitthvað fram á næstu öld í orkuspánum, og þá er ekki síður brýnt að reyna að gera sér grein fyrir því, hversu nærri menn vilja ganga landinu, til þess að framleiða orkuna og þá í hvaða skyni. Kemur þá einnig til, hvaða kosti menn telja sæm-ilegt að ætla barnabörnunum og þeirra börnum t.d. að hafa til þess að velja um. Væri það ekki kaldranalegt að láta þau standa frammi fyrir því að þurfa að komast í orkusveldi eða taka vatnið úr Gullfossi og setja Þjórs-árver undir vatn svo aðeins þetta tvennt sé nefnt — af því að afi og amma eða pabbi og mamma flýttu sér svo mjög við að nýta og binda orkuna í stóriðju útlendinga t.d. — Í stað þess að notfara sér aðra kosti í atvinnulegu tilliti, sem þau áttu þó sannarlega vól á.

Þegar til kemur sjást vandkvæði á ýmsu, sem menn hafa gert ráð fyrir. Í upphafi greinargerðar. Orkustofnunar um Blönduvirkjun, sem lögð var fram á fundi á Blönduósi 25. apríl 1975, segir svo: „Ýmsir valkostir hafa verið athugaðir, en í fyrstu beindust ætlanir að því að virkja árnar saman (þ.e. Vatnsdalsá og Blöndu) niður í Vatnsdal. Með tilliti til umhverfisverndar hefur nú verið horfið frá þeim áformum“. Þetta er mjög athyglisvert og gefur ástæðu til að staldrað sé við og lthugað hvað í þessum fáu orðum felst.

Skynsamlegt er sem sé að gera ráð fyrir því sem betur fer, að menn hiki við fleira en að steypa Blöndu ofan í Vatnsdalinn — af því, sem mönnum hefur dottið í hug að til mála kæmi í virkjunarframkvæmdum og tekið inn í hugleiðingar og dæmi. Er það t.d. raunsætt, að gera ráð fyrir að fylla vatni ýmsar mestu lægðir á


ráði að hafa forgöngu um þessi mál, og leita um það samvinnu við þá aðila er hlut eiga að máli“. A vegum Náttúruverndarráðs er verið, samkvæmt þessari ályktun, að vinna nokkra undirbúningsvinnu að úttekt á vatna- og jarðhitasvæðum og ætlunin er að hún verði fyrsta skrefið í þessu þýðingarmikla máli. Hefur Náttúruverndarráð einnig unnið að því að við málið verði fengizt í samstarfsnefndinni um orkumál, sem ég hefi sagt hér frá og það á hlut að ásamt iðnaðarráðuneytinu, sem hefur orkumálin.

Allt er þetta mikið verkefni. Að móta iðnaðar- og orkumálafestfnu þjóðarinnar með tilliti til umhverfisverndar — með tilliti til þess að fara vel með landið og fórna ekki sumu því, sem verðmætast er og gefur lífinu mikið gildi, fyrir það sem menn að lítathuguðu máli álita mikilsvert en skiptir miklu minna máli fyrir heilbriggt, farsælt og skemmtilegt líf þegar nánar er að gætt.

Flönum umfram allt ekki að neinu, og sjálfsagt ættum við að gera ráðstafanir til þess að þessi vandasömu og margþattu mál-efni verði tekin fastari tökum í samhengi en ennþá hefur þeppn-azt.

Skiptir þá miklu að hleypi-dómalaus umræða fari fram um þau sem víðast, svo að almenningsálit nái að myndast, byggt á þeim. Ennfremur að áhugamenn um iðnvæðingu, orkumál og umhverfisvernd hafi sem mest samband sín í milli og beri saman bækur sínar, og loks að þeir, sem til þess eru settir að hafa með höndum stjórn og forustu í þessum málum, treysti samstarf slitt.

Viðfangsefnið er að móta og framkvæma kröftuga framfarastefnu í iðnaðarmálum, sem reist er á þeirri samfæringu, að við höfum ráð á því að búa í ómeng- uðu umhverfi og að eiga áfram ó- spjlluð dýrmæt náttúruverð- mæti.




## No-go rivers

In many countries, river fragmentation by dams means that there are few rivers left in their natural state. This has resulted in an enormous loss in wetlands and other freshwater ecosystems. WWF believes that governments should designate some of the remaining unregulated rivers in areas of high conservation value as "no-go" areas for hydropower schemes. For example, in Iceland, where the Kárahnjúkar hydropower plant will cause considerable damage to two glacial rivers, WWF is urging the Icelandic government to afford protection to a third glacial river, Jökulsá á Fjöllum, including its designation as a Ramsar site. In Brazil, WWF is campaigning to get the Purus and Negro rivers in the Amazon basin declared as "free flowing" rivers.

## Hydropower and climate change

Hydropower produces few greenhouse gas emissions overall, although there is evidence of high emissions from some tropical reservoirs, particularly shallow ones. More research into these emissions is needed urgently and caution is necessary in promoting hydropower as a solution to climate change while this uncertainty persists.

There has also been some concern that a few large hydropower projects could absorb a major proportion of the limited funds available under the Clean Development Mechanism (CDM) and Joint Implementation (JI) provision of the Kyoto Protocol. Several of these projects would probably be built anyway, even without Kyoto Protocol support. Allocating CDM / JI funding for such projects would thus not result in additional CO<sub>2</sub> reductions. WWF thus supports the *Gold Standard*, an independent best practice benchmark for the CDM and JI. It includes small hydropower schemes (<15MW) that meet WCD guidelines, and projects that need to demonstrate "additionality" and deliver added environmental and social benefits.



Construction site for the Kárahnjúkar dam in the East Icelandic highlands

### WWF's top 10 guiding principles for sustainable hydropower:

1. Proposals for new hydropower plants must conform to the strategic priorities and policy principles of the World Commission on Dams.
2. Governments and international agencies must prioritise investment to service the two billion people globally that are without access to electricity. More investment in small-scale, decentralised renewable energy solutions is needed.
3. CDM and JI hydropower projects should meet *Gold Standard* criteria.
4. Some of the remaining unregulated rivers in areas of high conservation value should be designated by governments as "no-go" areas for hydropower schemes.
5. Siting decisions for new hydropower plants need to consider impacts in the whole river basin and opt for sites of minimum environmental impact.
6. Efficient hydropower sites that minimise the area flooded per unit of energy produced should be given preference.
7. The capacity of existing hydropower plants should be upgraded wherever possible, so as to minimise the need for new capacity.
8. Comprehensive environmental mitigation measures (such as environmental flow regimes, habitat restoration and protection and fish ladders) need to be included in all planned and existing hydropower plants.
9. Small hydropower plants can play an important role as a renewable energy source, especially for supplying rural areas in developing countries. However, they must include strict environmental mitigation measures and the cumulative impacts of a large number of small hydro plants must be considered.
10. Project developers must include all stakeholders in decision-making and ensure fair and sensitive resettlement procedures in accordance with WCD principles.



